

Urriðabrunnur

Una Björg Magnúsdóttir

Tillaga að verki á miðju torgi Háholts í Urriðaholti



Urriðabrunnur

Torgið við Háholt Urriðaholts er miðpunktur hverfisins, staður þar sem fólk getur komið saman. En hvað gerir torg að aðlaðandi samverustað?

Gosbrunnar hafa í gegnum tíðina þjónað víðari tilgangi en einfaldir vatnsstraumar eða skraut í borgarrými. Þeir hafa gegnt hlutverki sem lifandi miðpunktar á torgum, þar sem fólk safnast saman til að njóta augnablik-sins, hitta aðra eða einfaldlega staldra við í daglegu amstri. Verkið *Urriðabrunnur* er skúlptúr sem sýnir flæðandi gosbrunn og litla tjörn með gróðri og fuglalífi. Klassísk, kyrrlát og hugljúf sena. En þar rennur hvorki vatn né heyrir kvak frá fuglum. Tjörnin virðist búin til úr bylgjupappa - flatar, útskornar myndir; vatnsbuna, gróður, vatnsyfirborð, álfir, steinar, vatnaliljur og leikandi andarungar. Þessi sena er að því virðist viðkvæmur smíðisgripur, skorin út í pappa sem gæti fokið út í veður og vind í næsta hvassviðri eða koðnað niður í votveðri eins og flugeldaterta í blautum janúarmánuði. En efnið blekkir augað - verkið er steipt í ál sem líkir nákvæmlega eftir form og áferð bylgjupappa.


Verkið skírskotar til listasögunnar; efni sem þykist vera annað efni, kyrralífsmýndir og sérstaklega klippimyndir frá viktóriutímanum, fíngerðar skuggamyndir sem voru klipptar út í svörtum pappír, bæði portrettmyndir og flóknar ævintýrasenur. En helst vísar verkið í leikgleði barna og hvernig pappi er notaður til að búa til eitthvað viðkvæmt og tímabundið en fullkomið á sama tíma. Hér verður til fullkomið, teygt augnablik - pappírsskúlptúr sem getur staðið af sér veður og vind.



1.

2.

- <https://collections.vam.ac.uk/item/O78690/a-stag-hunt-miniature-mackenzie-laura-jemima/>
- <https://collections.vam.ac.uk/item/O82214/an-unknown-family-group-miniature-mackenzie-laura-jemima/>






Efnisval og framkvæmd

Fyrir umsóknina hef ég gert ráð fyrir að hver hluti sé steypur til að fá áferð bylgjupappa. Hver hluti verksins er skorinn út í pappa og mót búið til eftir því formi, gert er ráð fyrir því að hver figúra sé 12mm að þykkt og skorin út í raunstærð. Vatnsflöturinn og hliðar brunnsins yrðu samsettar úr mörgum panelum. Þegar búið er að útbúa allar einingar verksins þarf að lita þær og húða í brúnum lit til líkja eftir pappa, hægt væri að notast við patínu líka.

Verkið eru breytilegt og er hægt að breyta stærð þess og lögun til að laga það að umhverfi sínu, útgáfan í þessari umsókn er því ekki endanleg. Áætluð stærð tjarnarinnar í þessari umsókn er ca. 5x7m og hæðin ca. 2,5m. Huga þarf vel að uppsetning og jarðvinna fyrir verkið, þar sem verkið samanstendur af mörgum hlutum.

Staðsetning



Kostnaðarliður	Upphæð
Hönnun móta og mótagerð	1.200.000 kr.
Steypivinna *	9.500.000 kr.
Vinna járnsmiðs	950.000 kr.
Vinna verkfræðings	700.000 kr.
Grafísk hönnun	570.000 kr.
Framleiðsla á grind og uppstöðum	1.100.000 kr.
Litun og húðun verksins	400.000 kr.
Flutningur	200.000 kr.
Uppsetning og jarðvinna	3.500.000 kr.
Þóknun listamanns (30% af heildarkostnaði verksins)	5.436.000 kr.
Ófyrirséður kostnaður - 10%	1.812.000 kr.
Samtals	25.368.000 kr.

*Vert væri að skoða að nota álplötur sem eru framleiddar eins og bylgjupappi og skera út form með vatnsskurði. Ekki fengust upplýsingar fyrir umsóknarfrest hvort að slíkt efni henti í þetta verkefni. En ef svo væri má leiða lýkur að því að það myndi lækka framleiðslukostnaðinn umtalsvert.

